

STARFSLEYFI
[Terra umhverfisþjónusta hf.]¹
Rangárvöllum, Akureyri
-móttaka og meðhöndlun spilliefna
Kt.: [410283-0494]²

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtalra laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir [Terra umhverfisþjónusta hf., kt. 410283-0494]³, fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs á athafnasvæði félagsins við Rangárvelli, Akureyri. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði færð yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

[Terra umhverfisþjónusta hf.]⁴ er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi og uppfylli ákvæði starfsleyfis þessa.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. til flokkunar, þökkunar, annars frágangs og geymslu. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að taka á móti eru eftirfarandi:

- a) 600 tonn af spilliefnum, þ.m.t. smitandi úrgangi og 500 kg af sprengifimum efnum, skotfærum og neyðarblysum.
- b) 300 tonn af raf- og rafeindatækjaúrgangi, m.a. sem innihaldið getur hættuleg efni.

¹ Breyting 2020. Hér áður stóð: „Gámaþjónusta Norðurlands ehf.“ Starfsleyfið var upphaflega gefið út fyrir Sagaplast ehf. Það var færð yfir á Gámaþjónustu Norðurlands ehf. kt. 481287-1039 þann 19. desember 2012.

² Breyting 2020. Hér áður stóð: „kt. 481287-1039“.

³ Breyting 2020. Hér áður stóð: „Gámaþjónustu Norðurlands ehf., kt. 481287-1039“.

⁴ Breyting 2020. Hér áður stóð: „Gámaþjónustu Norðurlands ehf“.

Óheimilt er að taka á móti úr sér gengnum ökutækjum til úrvinnslu.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 125 tonn hverju sinni.

1.3. Eftirlitsaðili

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang.

1.6. Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að starfsemi sé hafin að nýju ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Neyðaráætlun

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar.

Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2012 og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins. Ef mengun fer umfram losunarmörk í starfsleyfi getur eftirlitsaðili beitt úrræðum sbr. gr. 1.10.

- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt án þess að kostnaður verði óhóflegur.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.9. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

1.10. Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum laga nr. 55/2003 til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum eftirlitsaðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðila sé um alvarlega hættu að ræða og svipta hann starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik.

2. STARFSHÆTTIR

2.1. Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2012.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og skal það afgirt með 2 metra hárrí, mannheldri girðingu. Inngangar skulu lokaðir nema þegar starfsemi fer fram. Við athafnasvæðið skulu vera skilti sem vara óviðkomandi við hættu og upplýsa um að aðgangur sé bannaður. Sá hluti athafnasvæðisins þar sem spilliefni eru geymd utandyra skal vaktaður allan sólarhringinn með öryggismyndavélum. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingum. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu og öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2.2. Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3. Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.4. Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum í starfstöð og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.5. Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6. Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða, m.a. skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4), til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal eftirlitsaðila og heilbrigðisnefnd um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7. Neyðartilvik – yfirvofandi hættu

Í neyðartilvikum hefur rekstraraðili heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að afstýra hættu, enda þótt þær ráðstafanir séu ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

2.8. Verklýsingar

Rekstraraðili skal útbúa verklýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:

- Meðhöndlun allra tegunda spilliefna sem berast, s.s. móttöku þeirra, vinnsluáferðir og geymslu.

- Móttöku og meðhöndlun sprengifimra efna, skotfæra og neyðarblysa.
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og umbúðum.
- Reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
- Viðbrögð við óhöppum.
- Þjálfun nýrra starfsmanna.

Verklýsingarnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2012. Þær skulu kynntar starfsmönnum, vera ávallt tiltækar í starfstöð og aðgengilegar eftirlitsaðila.

2.9. Meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs

Spilliefni og raf- og rafeindatækjaúrgang skal einungis meðhöndla í sérstökum hluta flokkunarhúss, aðskilið frá annarri starfsemi í húsinu. Skilja skal á milli með eldraustum vegg og lofti. Einnig er heimilt að meðhöndla spilliefni og raf- og rafeindatækjaúrgang utandyra í sérútbúnum spilliefnagámum sem eru upplýstir, loftræstir og upphitaðir. Þeir skulu lokaðir og læstir utan vinnutíma og búnir lekavörn sbr. gr. 3.1.

Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þau skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau berist ekki í frárennsli eða geti á annan hátt valdið skaða. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum og þá einkum þeim sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis.

Einstökum tegundum spilliefna skal haldið aðgreindum og skulu þau geymd í ílátum sem henta hverju efni.

Smitandi úrgangur skal meðhöndlaður á viðunandi hátt, sbr. 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, og skal þess sérstaklega gætt að hann blandist ekki öðrum úrgangi og valdi ekki smiti. Einkum skal gæta yfstrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Slíkur úrgangur sem berst skal þegar hafa verið flokkaður á upprunastað, honum pakkað þar og hann sérstaklega merktur, sbr. viðauka við reglugerð nr. 737/2003. Úrganginn skal geyma í loftræstu og læstu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Jafnframt skal geyma líkamshluta og vefi í kæli eða frysti, sbr. viðauka við reglugerð nr. 737/2003. Tryggja skal að úrganginum verði fargað á viðurkenndan hátt.

Sprengifim efni, skotfæri og neyðarblys er einungis heimilt að geyma í sérstökum sprengiefnakössum eða -gámum sem viðurkenndir eru til geymslu slíkra efna. Þeir skulu tryggilega læstir. Við geymslu sprengifimra efna skal gæta þess að reglum um aðskilnað slíkra efna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 684/1999 um sprengiefni.

Spilliefni skulu send til endurnýtingar eða förgunar við fyrsta hentuga tækifæri.

Við úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs skal uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

2.10. Verkstjórn

Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og ákvæðum þessa starfsleyfis. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina

gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöð.

2.11. Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.12. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er. Þetta á þó ekki við um þau spilliefni sem um gilda sérstakar kröfur, t.d. PCB, halóna, kvikasilfur og asbest.

Dregið skal úr útflutningi spilliefna eins og kostur er með því að koma slíkum efnum til endurnýtingar eða förgunar innanlands.

2.13. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1. Frárennsli

Frárennsli frá þeim hluta flokkunarhúss þar sem meðhöndluð eru spilliefni og raf- og rafeindatækjaúrgangur skal leitt í lokaða söfnunarþró svo hægt sé að endurheimta þau spilliefni sem kunna að fara niður.

Spilliefnagámar utandyra skulu búnir lokaðri söfnunarþró í botni svo hægt sé að endurheimta þau spilliefni sem kunna að fara niður.

Plön þar sem spilliefnagámar eru staðsettir skulu lögð bundnu yfirborðslagi og frárennsli frá þeim leitt í sand- og olíuskilju áður en það er losað í fráveitukerfi. Reynist frárennslisvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í fráveitukerfi eða draga úr losun með öðrum hætti, t.d. með breyttum starfsháttum.

3.2. Söfnunarþrær og sand- og olíuskilja

Ávallt skal vera lokað fyrir frárennsli úr söfnunarþró og skulu frárennsliskranar vera læstir eða þannig útbúnir að óviðkomandi geti ekki opnað fyrir frárennslið. Ávallt skal vera laust a.m.k. 1,5 m³ rými í hverri söfnunarþró fyrir spilliefni sem kunna að fara niður við óhapp.

Söfnunarþrær og sand- og olíuskilju skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu (gr. 2.8) og tæma eftir þörfum. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar. Skrá skal vökvamagn í söfnunarþró fyrir tæmingu. Sé tryggt að spilliefni hafi ekki borist í

söfnunarpró frá síðustu tæmingu má leiða innihald hennar ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarpróna skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Ef ekki er ljóst hvaða spilliefni hafa mögulega borist í próna skal greina alla mælipætti í samræmi við mælingaáætlun í gr. 5.2. Frárennslisvatn sem ekki stenst losunarmörk í gr. 5.3, eða inniheldur önnur spilliefni, er óheimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfi, heldur skal því fargað í samráði við eftirlitsaðila.

Styðjast skal við gildandi staðla um olúskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Við úttak olúskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslid ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni þar sem það kemur úr olúskilju.

3.3. Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í móttökustöðinni.

3.4. Frágangur ílátá

Öll ílát sem notuð eru við geymslu á spilliefnum skulu viðurkennd og merkt á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Að því leyti sem við á skal frágangur ílátá vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Ekki skal nota stærri ílát undir spilliefni en sem rúma að hámarki 1,2 m³ af vökva.

Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum. Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka útstreymi rokgjarnra spilliefna eins og mögulegt er og skal miða við að dreifð losun fari ekki yfir 5% af meðhöndluðu magni.

Við geymslu spilliefna skulu ílát staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Hafa skal reglulegt eftirlit með öllum ílátum.

Um ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum fer samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 737/2003.

3.5. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að halda niðri hávaða frá starfseminni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA ÚRGANGS

4.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal tegundir spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Jafnframt skal skrá magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef við á, vinnsluaðferðir og ráðstöfun úrgangsins. Allar færslur er varða spilliefni skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár.

Sérstaklega skal skrá magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og íhluta hans, í samræmi við flokkun í viðauka IA við reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang,

og það hvernig honum er ráðstafað. Halda skal skrá yfir gerð og magn spilliefna í þessum úrgangi og ráðstöfun þeirra. Skrárnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku spilliefna.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um spilliefni og raf- og rafeindatækjaúrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
3. Rekstur frárennsliskerfis, s.s. eftirlit, viðhald, dagsetningar tæminga, vökvamagn fyrir tæmingar og niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 3.2 og 5.2.

5.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á frárennslisvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfseminni kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem eftirlitsaðili samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning frárennslisvatns	Innihald söfnunarpróa	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svífagna, súrefnispörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarpró)

Samsetning frárennslisvatns	Úttak olíuskilju	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, súrefnisþörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólybden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
--------------------------------	------------------	--	------------------------------------

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarfr fram á tíðari mælingar.

5.3. Losunarmörk

Mörk sem frárennslisvatn þarf að uppfylla fyrir losun í fráveitukerfi:*

Mælipáttur	Styrkur (mg/l)
Svifagnir	35
Súrefnisþörf	125
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,2
Nikkell	0,5
Kopar	0,5
Króm	0,5
Sink	1,0
Arsen	0,15
Olía/fita	15
pH	2,0–9,0

*Í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006). Einnig er höfð hliðsjón af losunarmörkum fyrir úrgangsvatn sem fellur til við hreinsun útblásturslofts í sorpbrennslustöðvum, sbr. reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

5.4. Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, og skila árlega til útgefanda starfsleyfis.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 16. júlí 2028.

Reykjavík, [18. desember 2020]⁵

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

⁵ Breyting 2020. Starfsleyfið var gefið út 16. júlí 2012 en var fært yfir á nýjan rekstraraðila 19. desember 2012.